

**Ed. 624. Frumvarp til laga [351. mál]**

um breyting á lögum nr. 49 6. maí 1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhöðu.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

A-liður 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

- a. 0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram 2 676 000 kr. Skattskyld mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 121. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1988 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1988. Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda í fyrsta sinn við álagningu gjalda á gjaldárinu 1987 miðað við eignarskattsstofn í árslok 1986.

**A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .**

Samkvæmt a-lið 2. gr. laga nr. 49/1986 skal fjárhæð skattfrelsmarkna manna vegna sérstaks eignarskatts, sem renna skal í byggingarsjóð þjóðarbókhöðu, breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því í fjárlögum ársins 1987 að gefin verði upp skattvísitala er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 2. gr. laga nr. 49/1986 með sérstökum lögum.

Því er þetta frumvarp lagt fram. Samkvæmt því er lagt til að skattfrelsmörk laganna hækki um 23% á milli ára eða sem nemur hækkun fasteignamats íbúðarhúsnæðis og er það í samræmi við þá hækkun á skattfrelsmörkum eignarskatts sem gerð var með lögum nr. 72/1986, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.